

- b. 32% innflutningsgjald skal lækka í 24% hinn 1. mars 1982, 18% hinn 1. júní 1982, 12% hinn 1. september 1982 og 6% hinn 1. desember 1982.

17. gr.

Í stað orðanna „til 1. mars 1982“ í 7. gr. laganna komi: til 1. mars 1983.

### **Gildistaka o. fl.**

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1982. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál II kafla þeirra inn í lög nr. 14/1965 um launaskatt með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

I

Hafi innflytjandi afhent til tollmeðferðar aðflutnings skjöl sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað áður en lög þessi öðlast gildi skal varan tollafgreidd án greiðslu skv. I kafla laga þessara, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 9. mars 1982.

Gjöld skv. I kafla laga þessara skal einnig greiða af vörum þeim sem gjaldskyldar verða samkvæmt honum og með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir gildis-tökudag laga þessara gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl., nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 1. maí 1982.

II

Við ákvörðun launaskatts fyrir gjaldárið 1982 vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1981 skulu gilda ákvæði laga nr. 14/1965 um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977 um breyting á þeim lögum.

Vegna launaskattsskyldra launa á árinu 1982 fram að gildistöku þessara laga skal greiða launaskatt skv. 1. og 2. gr. laga nr. 14/1965, sbr. lög nr. 65/1977.

Verði vanskil á greiðslu launaskatts vegna launaskattsskyldra launa á 1. ársfjórðungi 1982 skal gjaldandi greiða dráttarvexti skv. 5. gr. þessara laga.

*Gjört að Bessastöðum, 27. febrúar 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

Nr. 6.

21. febrúar 1982.

## **AUGLÝSING**

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 21. febrúar 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*